

Mýrdalshreppur
b/t George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík 24. júní 2019
UST201906-179/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 - Verslun og þjónusta við Hvammból

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 18. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028 í landi Hvammbóls.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í að verslunar- og þjónustusvæði er skilgreint í landi Hvammból sem í dag er landbúnaðarland. Auk þess kemur fram að unnið er að deiliskipulagi fyrir Hvammból þar sem gert er ráð fyrir stækkan á núverandi íbúðarhúsi og að byggð verði gistihús fyrir ferðaþjónustu.

Byggingarmagn og ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að það komi fram í tillöggunni hvert leyfilegt byggingarmagn sé á reitnum.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segi að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir:
„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur